



Hafnarfjörður

Framkvæmdaleyfi

Tvöföldun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni

Greinargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar með framkvæmdaleyfi

September 2022



Efnisyfirlit

1	Um afgreiðslu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.....	1
2	Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi.....	2
2.1	Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar.....	2
3	Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar.....	3
3.1	Matsskýrsla Vegagerðarinnar.....	3
3.2	Álit Skipulagsstofnunar.....	3
3.2.1	Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi.....	3
3.2.2	Áhrif á jarðminjar.....	3
3.2.3	Áhrif á landslag og ásýnd.....	4
3.2.4	Áhrif á vistgerðir og gróðurfar.....	4
3.2.5	Áhrif á fuglalíf.....	5
3.2.6	Áhrif á tjarnir, vantalíf og grunnvatn.....	5
3.2.7	Áhrif á fornleifar.....	6
3.2.8	Áhrif á hljóðvist.....	6
3.2.9	Áhrif á landnotkun.....	6
3.3	Niðurstaða.....	6
4	Forsendur ákvörðunar.....	8
4.1	Lagaleg umgjörð.....	8
4.2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulag Reykjanesbrautar.....	8
4.3	Náttúruvernd og friðlýstar fornleifar.....	8
4.4	Önnur leyfi.....	9
4.5	Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum.....	9
4.6	Landeigendur.....	9
4.7	Brýn nauðsyn.....	9



1 Um afgreiðslu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur farið yfir umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum¹ og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn hefur farið yfir gögn framkvæmdaleyfisumsóknar og telur að:

1. Framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og framkvæmd er sú sem lýst er í matsskýrslu.
2. Hönnunargögn séu fullnægjandi.
3. Nauðsynlegar umsagnir liggja fyrir.
4. Framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 m.s.br.
5. Matsskýrsla Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar séu fullnægjandi til að taka afstöðu til umhverfisáhrifa valkosta. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
6. Önnur leyfi: Vegagerðin ber að sækja um starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og leyfi Minjastofnunar Íslands.
7. Fullnægjandi gögn liggja fyrir til að bæjarstjórn geti tekið rökstudda afstöðu til leyfisumsóknar Vegagerðarinnar.

Það er niðurstaða bæjarstjórnar, að veita framkvæmdaleyfi fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar. Í undirbúningi að ákvörðun hefur m.a. verið litið til forsendna fyrir framkvæmd, umhverfisáhrifa valkosta, litið til möguleika til að draga úr umhverfisáhrifum, samræmis við aðalskipulag Hafnarfjarðar og álits Skipulagsstofnunar. Við afgreiðslu umsóknar hefur verið gætt að ákvæðum laga um náttúruvernd og menningarminja, annarra laga og reglugerða sem eiga við.

Bæjarstjórn telur að það sé brýn nauðsyn að ráðast í breikkun Reykjanesbrautar. Sú nauðsyn felst í auknu umferðaröryggi. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdar verða á eldhraun, ásýnd á vestari hluta framkvæmdasvæðis og vistgerðir með verndargildi.

Leyfi fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótþægisaðgerðir og vöktun sem koma fram í matsskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig að frágangur verði eins og lýst er í umsókn Vegagerðarinnar.

Í þessari greinargerð er yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfið. Í afgreiðslu sveitarfélagsins er m.a. litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 80/2012 um menningarminjar og vegalög nr. 80/2007.

¹ Í samræmi við bráðabirgðaákvæði nr. 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlna



2 Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi

2.1 Yfirferð á umsókn Vegagerðarinnar

Um er að ræða breikkun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði frá Krýsuvíkurvegi að enda fjögurra akreina brautarinnar við Hvassahraun vestan Straumsvíkur á um 5,6 km kafla í 2+2 aðskildar akreinar. Þá er fyrirhugað að breyta mislægum vegamótum við álverið í Straumsvík, byggja mislæg vegamót við Rauðamel, útbúa veltengingu að Áhellu og útbúa tengingu að dælu- og hreinsistöð austan Straumsvíkur. Auk þess er gert ráð fyrir um 250.000 m³ efnistöku, þar af um 140.000 m³ úr skeringum.

Samkvæmt umsókn Vegagerðarinnar eru markmið framkvæmdarinnar fyrst og fremst að auka umferðaröryggi og greiðfærni. Umferð um Reykjanesbraut við Straumsvík hefur aukist undanfarin ár samhliða aukningu á ferðamönnum til landsins og hefur fjöldi slysa undanfarin ár verið að meðaltali um 20 á ári skv. skráningu Samgöngustofu. Umræddur vegkafl er síðasti hluti Reykjanesbrautar sem ekki hefur verið breikkaður svo framkvæmdin er í takt við þróun vegarins fram að þessu.

Gögn sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar eru:

- Afstöðumynd í mælikvarða 1:20.000, og yfirlitsmyndir í mælikvarða 1:5.000 sem sýna m.a. staðhætti, legu framkvæmda, tengivega og gatnamóta.
- Framkvæmdalýsing, þar sem:
 - Framkvæmdaþáttum er lýst.
 - Gerð er grein fyrir magni af jarðefnum sem þarf til framkvæmdanna og efnistökuþöðum.
 - Gerð er grein fyrir frágangi framkvæmdasvæða og mótvægisáðgerðum.
 - Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma.
- Matsskýrsla Vegagerðarinnar dagsett í október 2021 ásamt viðaukum um fyrirliggjandi rannsóknir.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, dags. 21. desember 2021.

Fyrirliggjandi gögn eru í samræmi við þær kröfur sem koma fram í skipulagslögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



3 Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar

Eftirfarandi er rökstudd afstaða bæjarstjórnar til mats á umhverfisáhrifum og álits Skipulagsstofnunar dags. 21.12.2021.

3.1 Matsskýrsla Vegagerðarinnar

Hafnarfjarðarbær tekur undir það álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Vegagerðarinnar uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun hefur farið yfir gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu og niðurstöðum þess og telur þau fullnægjandi. Bæjarstjórn telur að matsskýrslan sé fullnægjandi til að byggja ákvörðun um framkvæmdaleyfi, ásamt umsögnum og sérfræðiskýrslum.

Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi er í samræmi við framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu Vegagerðarinnar, að teknu tilliti til þeirrar breytingar sem varð á útfærslu við Straum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Yfirlitsmynd og framkvæmdalýsing í umsókn um framkvæmdaleyfi eru í samræmi við myndir 4.7, 4.10 og 4.11 í matsskýrslu og framkvæmdalýsingu í kafla 4. Efnisþörf er mætt með skeringum úr vegstæðinu.

Í matsskýrslu er samanburður á valkostum vegna tengingar Reykjanesbrautar að Straumi. Jafnframt var gerð grein fyrir valkostum til skoðunar vagna tengingar Reykjanesbrautar við geymslusvæðið sunnan brautarinnar. Samanburður valkosta við Straum leiddi til þess að Vegagerðin ákvað að endurskoða veghönnun á þessum kafla til að draga úr umhverfisáhrifum.

3.2 Álit Skipulagsstofnunar

Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um alla umhverfisþætti til skoðunar. Bæjarstjórn tekur undir mat Skipulagsstofnunar á áhrifum. Í álitinu á heildarframkvæmdum eru veigamestu áhrifin á nútímahraun, vistgerðir og ásýnd.

Bæjarstjórn telur að álit Skipulagsstofnunar sé í samræmi við matsskýrslu Vegagerðarinnar og fullnægjandi til að hægt sé að taka ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

3.2.1 Áhrif á samfélag - Umferðaröryggi

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að breikkun Reykjanesbrautar sem felur í sér aðgreiningu akreina með miðdeili og vegriði á milli komi til með að hafa talsvert jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

Afstaða bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir komi til með að hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Að mati bæjarstjórnar er mikill ávinningur fólgin í því að tvöfalda veginn og aðskilja akstursteffur, því það dragi úr líkum á á því að ökutæki úr gagnstæðri átt lendi saman, sem þar sem slík slys teljist til alvarlegustu slysanna sem verða.

3.2.2 Áhrif á jarðminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur ljóst að nýr vegur og þá fyrst og fremst mislæg vegamót við Rauðamel koma til með að valda mestu raski á Hrótagjárdyngjuhrauni, sem hafi hátt verndargildi fyrir utan þá sérstöku vernd sem slíkar jarðmyndanir njóta skv. lögum. Þessi staðreynd leggur ríka ábyrgð á hendur Vegagerðarinnar að staðið verði þannig að verki við framkvæmdir í Hrótagjárdyngjuhrauni að raski verði haldið í lágmarki og að skilgreina þarf breidd framkvæmda- og öryggissvæðis, í samráði við Umhverfisstofnun, eins þröngt og kostur er. Skipulagsstofnun tekur í því sambandi undir þá



ábendingu Umhverfisstofnunar að skilja ekki við skeringar í samfelldum fláa eins og sjá má í Afstapahrauni hjá Kúagerði heldur verði reynt að móta skeringarnar með þeim hætti að þær stingi sem minnst í stúf við óraskað hraun. Stofnunin telur að þær umfangsmiklu framkvæmdir sem taka til jöfnunar öryggisvæða á viðkvæmum svæðum eins og hraunasvæðum auki verulega neikvæð áhrif vegaf framkvæmda. Með hliðsjón af ofangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif á Hrutagjárdyngjuhraun verði talsvert neikvæð en nokkuð neikvæð á Skúlatúns- og Kapelluhraun.

Afstaða bæjarstjórnar

Tekið er undir álit Skipulagsstofnunar að breikkun hafi í för með sér nokkuð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á jarðmyndanir, sem ekki sé hægt nema að takmörkuðu leyti að fyrirbyggja eða draga úr með mótvægisáðgerðum.

Settir verði skilmálar um að skilgreina breidd framkvæmda- og öryggissvæðis eins þröngt og kostur er.

Bæjarstjórn hefur kannað leiðir til að drega úr neikvæðum áhrifum á jarðmyndanir m.a. með því að bera saman við fyrri valkost um legu Reykjanesbrautar. Niðurstaða þess er að fyrirbyggjandi kostur Vegagerðarinnar hefur minni neikvæð áhrif á jarðmyndanir í för með sér en sá kostur. Þá telst það brýn nauðsyn að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut, sem felst í að tvöfalda veginn og aðskilja akstur Stefnu. Slíkar aðgerðir hafa óhjákvæmilega í för með sér neikvæð áhrif sökum staðhátta.

3.2.3 Áhrif á landslag og ásýnd

Álit Skipulagsstofnunar

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist að mestu leyti af mannlegum umsvifum. Fyrir utan núverandi veg eru mannvirki Álversins í Straumsvík norðan vegar áberandi og iðnaðarsvæðisetur svip sinn á nágrennið sunnan vegar. Ljóst er þó að með tilkomu nýrra vegamannvirkja og skeringa í hrauninu, einkum við Straum og vestan hans, munu verða nokkrar ásýndarbreytingar m.a. vegna mislægra vegamóta, á svæði sem er nýtt til útivistar og ber tiltölulega lítil ummerki mannegra athafna fyrir utan núverandi veg en einkennist að mosagrónum hraunbreiðum auk búsetulandslags og tjarna við og í grennd við Straum. Skipulagsstofnun telur að líta verði svo á að áhrif á landslag og ásýnd verði talsvert neikvæð á þessum hluta framkvæmdasvæðisins vegna umfangs mannvirkja og rasks á öröskuðu hrauni utan þeirra en óveruleg á eystri hluta í nágrenni Álversins og iðnaðarsvæðisins.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar að framkvæmdir hafi í för með sér talsvert neikvæð á umhverfisáhrif á landslag og ásýnd á vestanverðum hluta framkvæmdasvæðis. Eins og áður hefur komið fram þá telst það brýn nauðsyn að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut, sem felst í að tvöfalda veginn og aðskilja akstur Stefnu. Slíkar aðgerðir hafa óhjákvæmilega í för með sér neikvæð áhrif sökum staðhátta.

Bæjarstjórn mun setja það sem skilmála í framkvæmdaleyfi að Vegagerðin skuli viðhafa vandaðan frágang til þess að draga sem kostur er úr áberandi áhrifum á vestanverðu framkvæmdasvæðinu.

3.2.4 Áhrif á vistgerðir og gróðurfar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu einkum raska mosa- og lyng- eða kjarrivöxnumhraunbreiðum og þá fyrst og fremst á vestari hluta framkvæmdasvæðisins. Samkvæmt framlögðum gögnum eru 2 vistgerðir með miðlungshátt verndargildi sem verða fyrst og fremst fyrir raski vistgerðir auk einnar vistgerðar, kjarrskógarvistar, sem er skilgreind sem forgangsvistgerð og hefur mjög hátt eða hátt verndargildi. Hún er einnig á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Um verður að ræða alls



rúmlega 5 ha svæði þessara vistgerða sem mun verða fyrir raski. Auk þess er hætta á að tegundir á válista verði fyrir raski. Skipulagsstofnun tekur undir það mat Vegagerðarinnar að áhrif framkvæmda á gróður verði talsvert neikvæð þar sem land er óraskað innan áhrifasvæðis veglagningarinnar.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar, sem er í samræmi við matsskýrslu Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur lagt til mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr raski á fyrrnefndum vistgerðum. Verða slíkar áðgerðir hluti að skilmálum framkvæmdaleyfis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn hefur kannað leiðir til að dregja úr neikvæðum áhrifum á vistegerðir sem njóta verndar m.a. með því að bera saman við fyrri valkost um legu Reykjanesbrautar. Niðurstaða þess er að fyrirbyggjandi kostur Vegagerðarinnar hefur minni neikvæð áhrif á jarðmyndar í för með sér en sá kostur. Þá telst það brýn nauðsyn að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut, sem felst í að tvöfalda veginn og aðskilja aksturstefnu. Slíkar áðgerðir hafa óhjákvæmilega í för með sér neikvæð áhrif sökum staðhátta.

3.2.5 Áhrif á fuglalíf

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa verulega neikvæð áhrif á fugla sökum þess að hætt hefur verið við framkvæmdir við aðkomu að Straumi norðan núverandi vegar og þar með eru áhrif á fuglalíf tjarnanna lágmörkuð.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um áhrif á fuglalíf og telur að matsferlið hafi leitt til þess að dregið hafi verið verulega úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf.

3.2.6 Áhrif á tjarnir, vantalíf og grunnvatn

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir og þær breytingar sem hafa orðið á þeim í matsferlinu leiði til þess að tjörnnum verður ekki raskað og til þess fallin að draga verulega úr umhverfisáhrifum fyrirhugaðar framkvæmdar. Að mati stofnunarinnar verða áhrif á tjarnir og vatnalíf ekki líkleg til að verða neikvæð. Stofnunin leggur ríka áherslu á að brýnt verði fyrir verktökum í útboðsgögnum að tjörnnum verði á engan hátt raskað.

Skipulagsstofnun telur líka að Vegagerðin hafi ýnt fram á að fyrirhuguð veglagning muni ekki hindra grunnvatnsrennsli til tjarnanna og að ferska grunnvatnið og jarðsjórinn undir muni áfram sveiflast í takt við sjávarföll og grunnvatnslinsan sveiflast með jarðsjónum sem veldur vatnsborðssveiflum í umræddum tjörnum. Auknar líkur eru á mengunarslysum á framkvæmdatíma þar sem mengunarefni renna á yfirborði í yfirborðsvatn eða berast niður í grunnvatnskerfið og dreifast út frá framkvæmdasvæðinu. Skipulagsstofnun telur að möguleg áhrif mengunarslyss komi til með að ráðast af magni og tegund mengunarefnis sem og hversu vel tekst til með að fjarlægja mengunarefnið og það ræður einnig því hvort að áhrifin verða afturkræf eða óafturkræf.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um áhrif á tjarnir og vatnalíf og telur að matsferlið hafi leitt til þess að dregið hafi verið verulega úr neikvæðum áhrifum á þessa umhverfisþætti.

Bæjarstjórn leggur áherslu á þær mótvægis- og viðbragðsaðgerðir sem Vegagerðin hefur kynnt í matsskýrslu, kafla 6.6.3.3, einkum á ofangreindu svæði við Straum til að koma í veg fyrir eða draga úr hættunni á að mengun berist í grunn- eða yfirborðsvatn.



3.2.7 Áhrif á fornleifar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af mótvægisáðgerðum við kapelluna ættu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á kapelluna sjálfa ekki að vera veruleg þar sem ekki verður um rask að ræða innan friðhelgunarsvæðisins en ljóst er að enn er þrengt að kapellutóftinni og rasksvæði færast nær henni. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að framkvæmdir hafi talsvert neikvæð áhrif á aðrar minjar þar sem ekki reynist unnt að beita mótvægisáðgerðum m.a. á bæjarstæði- og tún Péturskots.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á fornleifar. Fyrir liggur að nokkur fjöldi fornminja er innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. Bæjarstjórn leggur áherslu á samráð Vegagerðarinnar við Minjastofnun Íslands um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á neikvæðum áhrifum á fornminjar.

3.2.8 Áhrif á hljóðvist

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að hljóðstig muni hækka nokkuð vegna aukinnar umferðar á þeim kafla sem fyrirhugað er að breikka miðað við umferðarspá til næstu 25 ára og kann að fara yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða við þau íbúðarhús sem næst eru veginum. Miðað við útreikninga verður þó heilt yfir um litla breytingu að hljóðstigi að ræða miðað við núverandi aðstæður þrátt fyrir þrefalda aukningu umferðar. Skipulagsstofnun telur að ekki sé líkur á verulega neikvæðum áhrifum vegna umferðarhávaða við breikkun Reykjanesbrautar á kaflanum frá Krýsuvíkurvegi aðHvassahrauni.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á hljóðvist.

3.2.9 Áhrif á landnotkun

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að þrengt verði nokkuð að athafnasvæði álversins m.a. með gerð hringtorgs og aðreinar en Skipulagsstofnun telur ekki líklegt miðað við fyrirbyggjandi gögn að þessi útfærsla tenginga komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á nýtingarmöguleika fyrirtækisins á lóð þess. Með því að beina umferð sem kemur úr austri á leið að iðnaðarsvæði við Álhellu um fyrrnefnt hringtorg og mismög vegamót mun umferð aukast við athafnasvæðið en stofnunin telur að miðað við fyrirbyggjandi gögn verði áhrifin óveruleg.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á hljóðvist. Þá eru framkvæmdir í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins og deiliskipulag.

3.3 Niðurstaða

Bæjarstjórn hefur kynnt sér matsskýrslu Vegagerðarinnar og álit Skipulagsstofnunar. Almennt er samræmi í umfjöllun um umhverfisáhrif í matsskýrslu og áliti. Þá er ljóst að Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum um mat á umhverfisáhrifum og tekur bæjarstjórn undir það.

Að mati bæjarstjórnar hefur matsferlið leitt til þess að dregið er úr áhrifum á tjarnir, vatnalíf og fornleifar. Ljóst er að neikvæð áhrif verða vegna framkvæmda. Bæjarstjórn telur í ljósi umfangs umhverfisáhrifa að sá verulegi ávinningur sem felst í að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut leiði til þess að samþykkja framkvæmdaleyfi fyrir tvöföldunar Reykjanesbrautar með skilmálum.



Afgreiðsla á umsókn Vegagerðarinnar byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótvægisáðgerðir og vöktun sem koma fram í matsskýrslu, álitni Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.



4 Forsendur ákvörðunar

4.1 Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leyfisveitingu og valkosti, var m.a. litið til eftirfarandi ákvæða í lögum um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslög og vegalög.

Verndarmarkmið og ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, m.a.:

- Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, sérstaklega 2. og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar og landslag.
- Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
- Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.
- Forðast ber að raska ákveðnum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.

Markmiða þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.a.:

- Að matsferlinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggja fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010, m.a.:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmið laga um menningarminjar nr. 80/2012

- Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

4.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulag Reykjanesbrautar

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu vegna Reykjanesbrautar, sem staðfest var 16.12.2021. Þá er framkvæmd einnig í samræmi við deiliskipulag Reykjanesbrautar sem staðfest var 6.5.2022.

Með samþykkt sinni á stefnu aðalskipulags Hafnarfjarðar og deiliskipulagi Reykjanesbrautar, hefur bæjarstjórn sett fram skýra stefnu um stofnvegi í sveitarfélaginu.

4.3 Náttúruvernd og friðlýstar fornleifar

Framkvæmdir fara um svæði sem er á C-hluta náttúruuminjaskrár. Auk þess fer framkvæmdasvæðið nærri friðlýstum fornleifum. Matsferlið hefur leitt til þess að dregið er úr neikvæðum áhrifum á umhverfisþætti og komið í veg fyrir rask á friðslýstum fornleifum.



Bæjarstjórn hefur í afgreiðslu á umsókn Vegagerðarinnar fylgi málsmeðferð skv. 37. gr. og 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Skilgreind er brýn nauðsyn framkvæmda ásamt því að fyrir liggur staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

4.4 Önnur leyfi

Vegagerðin ber að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

4.5 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum

Afgreiðsla á umsókn Vegagerðarinnar byggir m.a. á því að verklag sem komi fram í matsskýrslu, áliti Skipulagsstofnunar og umsókn um framkvæmdaleyfi verði fylgt.

4.6 Landeigendur

Bæjarstjórn leggur á það áherslu að Vegagerðin nái samkomulagi við landeigendur áður en framkvæmdir hefjast.

4.7 Brýn nauðsyn

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að forðast að raska eldhrauni. Ef ráðast á í framkvæmdir sem hafi áhrif á þessa umhverfisþætti ber að liggja fyrir brýn nauðsyn fyrir slíkum framkvæmdum.

Hafnarfjörður telur að brýn nauðsyn sé staðar fyrir tvöföldunar Reykjanesbrautar og að leitað hafi verið leiða til að draga úr áhrifum m.a. með því að skoða valkosti og mismunandi útfærslu framkvæmda.

Að mati bæjarstjórnar eru verulegir almannahagsmunir fólgnir í auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Bæjarstjórn telur að það liggja fyrir brýn nauðsyn þess að raska umræddu eldhrauni og vistgerðum. Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum . . .

Niðurstaða